



## Verðbólga 4,3% þriðja mánuðurinn í röð

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,46% milli mánaða í ágúst og mælist verðbólga nú 4,3%. Ágúst er þriðji mánuðurinn í röð sem verðbólgan mælist 4,3%. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 0,40% og mælist 3,3% verðbólga á þann mælikvarða.

Mest áhrif til hækkunar hafði kostnaður við að búa í eigin húsnæði sem hækkaði um 1,0% milli mánaða (áhrif á vísitölu: 0,16%), húsgögn og heimilisbúnaður sem hækkuðu um 1,1% milli mánaða (áhrif á vísitölu: 0,07%) og hótél og veitingastaðir sem hækkuðu um 0,9% (áhrif á vísitölu: 0,04%). Mestu áhrif til lækkunar höfðu flugfargjöld til útlanda sem lækkuðu um 1,8% (áhrif á vísitölu: -0,02%).

Við höfðum spáð 0,36% hækkun milli mánaða. Það sem kom okkur mest á óvart var að föt og skór hækkuðu einungis um 0,6% milli mánaða, en við áttum von á rúmlega 3% hækkun vegna útsöluloka.


### 3,3% verðbólga án húsnæðis

Vísitala neysluverðs án húsnæðis, þ.e. VNV án reiknaðrar húsaleigu, leiguverðs, viðhalds og viðgerða á húsnæði, sorphirðu og holræsa, hækkaði um 0,40% milli mánaða og mælist 3,3% verðbólga á þann mælikvarða. Ágúst er fimmti mánuðurinn í röð sem verðbólga án húsnæðiskostnaðar lækkar milli mánaða, en í mars mældist 4,8% ársverðbólga á þennan mælikvarða. Munar núna einu prósentustigi á milli verðbólguælingar með og án húsnæðis. Leita þarf aftur til desember 2012 til að finna sama mismun.

### Sumarútsölnar teygðu sig inn í verðkönnunarvikuna


Í hefðbundnu tíðarfari lækka föt og skór milli mánaða í júlí vegna sumarútsala og sú lækkun gengur síðan til baka í ágúst og september. Áður en faraldurinn skall á lækkuðu föt og skór um eða yfir 10% milli mánaða í júlí. Hins vegar lækkuðu föt og skór einungis um 3,6% milli mánaða í júlí í fyrra og um 5,3% í ár. Það kom nokkuð á óvart að liðurinn föt og skór hækkaði einungis um 0,6% milli mánaða

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond

VNV með og án húsnæðis



Heimild: Macrobond



Í ágúst og virðist því sem sumarútsölnurnar hafa teygst sig inn í verðkönnunarvikuna í ágúst.

### **Húsnæðisverð hækkaði meira en við áttum von á**

Kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) hækkaði um tæplega 1% milli mánaða. Húsnæðisverð í vísitölnunni hækkaði um rétt yfir 1% milli mánaða, en áhrif vaxtabreytinga voru innan við 0,1 prósentustig.

Það er ýmislegt sem bendir til að enn sé töluverð spenna á fasteignamarkaði. Meðal annars hefur framboð íbúða til sölu dregist verulega saman á höfuðborgarsvæðinu og sölutími íbúða hefur styst. (sjá nánar í [Hagsjá um fasteignamarkaðinn](#) sem við birtum fyrir í mánuðinum.)

### **Bensín hækkaði milli mánaða**




Bensín og dísilolía hækkaði um 0,9% milli mánaða og er tólf mánaða hækkunin 14%. Fatið af Brent olíu kostar nú um 70 Bandaríkjadali, en kostaði 45 Bandaríkjadali í ágúst 2020.

### **Flugfargjöld lækkuðu milli mánaða**

Flugfargjöld til útlanda lækkuðu um 1,8% milli mánaða. Þetta er nokkuð minni breyting milli mánaða í ágúst en tíðkaðist áður en heimsfaraldurinn skall á, en á árunum 2014-2019 lækkaði þessi liður um að meðaltali 7,8% milli mánaða í ágúst.

### **Hótel og veitingar hækkuðu.**

Liðurinn hótel og gistingu hækkaði um 0,9% milli mánaða. Verð á gistingu hækkaði um 3,8% og mötuneyti um 3,4% en veitinga- og kaffihús aðeins um 0,1%.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.